



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 23. júní 2020

RMF15120011

5.4

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Minnisblað um að verkefnið Meet in Reykjavík og samstarf við Íslandsstofu

Í hjálögðu minnisblaði er þess farið á leit við borgarráð að það gefi heimild sína til að gengið verði frá samningi við Íslandsstofu um að hún taki að sér framkvæmd verkefnisins Meet in Reykjavík.

Markmið Reykjavíkurborgar af slíku samkomulagi væri þríþætt. Í fyrsta lagi að styrkja stöðu Meet in Reykjavík til að byggja ofan á þann árangur sem þegar hefur náðst til að fjölga enn frekar ráðstefnugestum í borginni. Í öðru lagi að aðrir opinberir aðilar en Reykjavík komi að fjármögnun verkefnisins með jafn myndarlegum hætti. Í þriðja lagi að hagræðing í rekstri og samlegð leiði til þess að hlutfallslega hærri framlög fari til markaðsstarfs.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Minnisblað um samstarf Meet in Reykjavík og Íslandsstofu dags. 21. júní 2020



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Arna Schram

Um samstarf Meet in Reykjavík og Íslandsstofu

Að undanfögnu hafa átt sér stað þreifingar og síðar formlegri viðræður milli Meet in Reykjavík og Íslandsstofu um að Íslandsstofa taki að sér rekstur þeirra verkefna er sinnt hefur verið af Meet in Reykjavík. Fyrir liggja drög að forsendum slíks samkomulags. Fyrirkomulagi Meet in Reykjavík verður einungis breytt ef formleg tillaga um það er samþykkt í stjórn félagsins og í framhaldi af því á aðalfundi eða aukaáðalfundi.

Meet in Reykjavík var stofnað árið 2012 með það að markmiði að búa til innlenda kjölfestu yfir langtíma markaðssókn inn á markað tengdan ráðstefnum, fundum, hvataferðum og alþjóðlegum viðburðum (MICE). Með því væri verið að stuðla markvisst að því að fá til borgarinnar verðmæta og betur borgandi ferðamenn.

Skrifstofan hefur verið rekin sem samvinnuverkefni opinberra aðila og einkaaðila eða Public Private Partnership. Kjölfestuaðilar að Meet in Reykjavík hafa verið Reykjavíkurborg, Icelandair Group og Harpa auk þess sem fjöldi fyrirtækja er hefur hag af auknum fjölda MICE-ferðamanna til landsins á aðild að Meet in Reykjavík.

Á þessu tímabili hefur ráðstefnugestum fjölgað umtalsvert í Reykjavík og hafa fjölmargir alþjóðlegir viðburðir komið til borgarinnar að tilstuðlan verkefnisins. Komur slíkra gesta dreifast meira yfir árið, þeir eyða meiru og eru almennt taldir umhverfisvænni. Fjöldi ráðstefna hefur fjölgað um 158% frá 2012 þegar MiR var stofnað.

Orðspor Meet in Reykjavík er sterkt á meðal þeirra sem þekkja til starfseminnar, svo sem aðildarfélaga og sendiherra verkefnisins og mikil sérþekking hefur byggst upp innan skrifstofunnar. Þrátt fyrir þennan góða árangur hafa tekjur starfseminnar hins vegar dregist saman. Aðildargjöld og framlög hafa ekki hækkað síðan 2012 frá þátttakendum í verkefninu heldur, þannig að verðmiðinn hefur í raun lækkað og þar með virði framlaganna.

Framlög Reykjavíkurborgar til Meet in Reykjavík hafa numið 40 milljónum króna árlega en tilraunir til að fá ríkið til að jafna þau framlög, hafa reynst árangurslausar fram til þessa. Mun lægri framlög hafa hins vegar runnið til verkefnisins í gegnum Íslandsstofu. Hafa þau farið lækandi.

Hvatinn að viðræðum við Íslandsstofu var að freista þess að styrkja stöðu Meet in Reykjavík með auknu fé til starfseminnar. Þannig verði byggt ofan á þann árangur sem þegar hefur

náðst. Samkvæmt gögnum frá Meet in Reykjavík var hlutfall ráðstefnugesta í Reykjavík 7,5% allra ferðamanna árið 2019 en í drögum að nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar er stefnt að því að auka það hlutfall upp í 15% á næstu fimm árum.

Frá því viðræður hófust hafa aðstæður vegna Covid-19 breytt landslaginu. Áhrif á ferðapjónustu eru víðtæk og óvissa ríkir um framlög fyrirtækja í ferðapjónustu til starfsemi Meet in Reykjavík á næstu misserum. Fyrir liggur því enn meiri þörf til að leita leiða til að auka hagkvæmni í rekstri Meet in Reykjavík á sama tíma og þörfin fyrir skipulagða og markvissa markaðssetningu á Íslandi og Reykjavík sem áfangastað fyrir verðmæta gesti er meiri en nokkru sinni fyrr. Er það í takt við stefnu stjórnvalda og Reykjavíkurborgar.

Sú tillaga sem liggur fyrir að loknum viðræðum er að gerður verði samningur við Íslandsstofu um að taka að sér þau verkefni er unnin eru á vegum Meet in Reykjavík í dag. Starfsemi Meet in Reykjavík sem sjálfstæðrar einingar yrði breytt, hún hefði áfram verkefnastjórn sem mótaði efnisáherslur en starfsfólk MIR yrði starfsfólk Íslandsstofu. Gert er ráð fyrir því að launakostnaður vegna verkefna Meet in Reykjavík verði greiddur af fjármagni verkefnisins en annar rekstrarkostnaður verði hluti af framlagi Íslandsstofu.

Meginforsendur samkomulags við Íslandsstofu yrðu eftirfarandi:

- Unnið verður út frá leiðarljósum íslenskrar ferðapjónustu, útflutningsstefnu Íslands og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.
- Kjölfestuaðilar verkefnis skipa verkefnisstjórn, auk fulltrúa aðildarféлага. Reykjavíkurborg og Íslandsstofa fara með formennsku til skiptis. Reykjavíkurborg fer með formennsku fyrstu tvö ár verkefnisins.
- Verkefnisstjórn mótar meginlínur og ákveður efnisáherslur verkefnisins.
- Íslandsstofa fer með framkvæmd verkefnisins.
- Verkefnið heitir Meet in Reykjavík - Iceland Convention Bureau.
- Íslandsstofa jafnar framlag Reykjavíkurborgar til verkefnisins.
- Stefnt er að því að nýting fjármuna sé markviss og auknu fé verði varið til markaðsaðgerða.
- Stefnt er að því að samningur um verkefnið verði til 5 ára. Samningsaðilar meta framgang verkefnisins árlega.
- Samningur er uppsegjanlegur fyrir 1. júlí ár hvert. Uppsagnarfrestur er sex mánuðir.
- Dragi Reykjavíkurborg sig út úr verkefninu áskilur hún sér rétt til að taka vörmerkið Meet in Reykjavík með sér.

Markmið Reykjavíkurborgar af samkomulagi sem þessu væri þríþætt. Í fyrsta lagi að styrkja stöðu Meet in Reykjavík til að byggja ofan á þann árangur sem þegar hefur náðst til að fjölga enn frekar ráðstefnugestum í borginni. Í öðru lagi að aðrir opinberir aðilar en Reykjavík komi að fjármögnun verkefnisins með jafn myndarlegum hætti. Í þriðja lagi að hagræðing í rekstri og samlegð leiði til þess að hlutfallslega hærri framlög fari til markaðsstarfs.

Lagt er til að heimild verði veitt til að ljúka samningi við Íslandsstofu með ofangreind markmið að leiðarljósi.

Arna Schram
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs